

**Þjóðleikhúsið**  
02 973

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Þjóðleikhúsið**

**kt. 710269-2709**

**Lindargötu 7, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjóðleikhúsið er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli leiklistarlags.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Stofnunin iðkar leiksviðslistgreinar og leitast við að glæða áhuga landsmanna á sviðslistagreinum, efla íslenska leikritun og skal vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.786,4 milljónir og afkoma kr. -4,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 47,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 699,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Þjóðleikhússins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjóðleikhússins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Magnús Geir Þórðarson  
Þjóðleikhússtjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.641.200.000	1.356.400.000
Seld vara og þjónusta .....	3	77.016.833	378.365.468
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	14.993.488	21.476.689
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	53.143.639	35.705.511
<b>Tekjur samtals</b>		<u>1.786.353.960</u>	<u>1.791.947.668</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	1.220.037.668	1.150.178.823
Annar rekstrarkostnaður .....	6	517.471.853	601.112.259
Afskriftir .....	7	53.143.639	35.705.511
<b>Gjöld samtals</b>		<u>1.790.653.160</u>	<u>1.786.996.593</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(4.299.200)	4.951.075
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		2.576	1.460
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(41.738)	(127.308)
		(39.162)	(125.848)
<b>Afkoma ársins</b>		<u>(4.338.362)</u>	<u>4.825.227</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	8	9.835.774	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		298.038.608	227.608.759
Farartæki og vélar .....		5.881.818	6.999.148
Aðrar eignir .....		530.675	607.775
		<u>304.451.101</u>	<u>235.215.682</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>314.286.875</u>	<u>235.215.682</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		3.758.984	2.786.850
Viðskiptakröfur .....	10	25.837.130	59.113.140
Tengdir aðilar .....	11	334.125.650	85.201.186
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	12	11.864.521	7.981.143
Handbært fé .....	13	9.283.290	111.152.939
		<u>384.869.575</u>	<u>266.235.258</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>384.869.575</u>	<u>266.235.258</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>699.156.450</u>	<u>501.450.940</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	14		
Hrein eign .....		47.465.571	51.803.933
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>47.465.571</u>	<u>51.803.933</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	6.287.540	2.500.092
Viðskiptaskuldir .....		212.250.672	134.626.842
Ýmsar skammtímaskuldir .....	15	65.112.212	60.657.659
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	16	368.040.455	251.862.414
		<u>651.690.879</u>	<u>449.647.007</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>651.690.879</u>	<u>449.647.007</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>699.156.450</u>	<u>501.450.940</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	17		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(4.338.362)	4.825.227
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	53.143.639	35.705.511
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(53.143.639)	(35.705.511)
		(4.338.362)	4.825.227
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		29.392.632	9.566.034
Tengdir aðilar .....		(208.030.168)	(40.413.865)
Birgðir .....		(972.134)	416.835
Skammtímaskuldir .....		82.078.383	(10.294.897)
		(97.531.287)	(40.725.893)
		(101.869.649)	(35.900.666)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....		(10.800.800)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(121.414.032)	(55.683.808)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		5.321.680	0
		(126.893.152)	(55.683.808)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		0	14.083.808
Fjárfestingarframlag .....		126.893.152	41.600.000
		126.893.152	55.683.808
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(101.869.649)	(35.900.666)
		111.152.939	147.053.605
		9.283.290	111.152.939
		<b>9.283.290</b>	<b>111.152.939</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað / 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar fjárskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.641.200.000	1.356.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	53.143.639	35.705.511
	<u>1.694.343.639</u>	<u>1.392.105.511</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.294.400.000	0	0	1.294.400.000
Fjáraukalög .....	346.800.000	0	0	346.800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.641.200.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.641.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ....	(1.645.538.362)	0	0	(1.645.538.362)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(4.338.362)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(4.338.362)</b>

	2020	2019
<b>3 Seld vara og þjónusta</b>		
Ýmsar þjónustutekjur .....	57.392.406	317.132.679
Vörusala .....	12.088.671	51.087.920
Mötuneyti .....	6.859.256	10.144.869
Fræðslustarfsemi og fundir .....	676.500	0
	<u>77.016.833</u>	<u>378.365.468</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	9.702.279	18.264.916
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	4.519.256	2.400.000
Ýmsar tekjur .....	771.953	811.773
	<u>14.993.488</u>	<u>21.476.689</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	985.057.021	928.992.442
Orlof, breyting .....	10.484.686	6.084.440
Launatengd gjöld .....	214.884.824	205.472.458
Starfsmannakostnaður .....	9.611.137	9.629.483
	<u>1.220.037.668</u>	<u>1.150.178.823</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	103,3	94,0

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.256.090	998.151
Byggingarvörur, almennar ....	4.263.107	1.839.790
Byggingarvörur, aðrar ....	1.006.618	413.307
Tæki og búnaður til innréttinga ....	768.676	114.234
Ýmis tæki og áhöld ....	1.860.341	2.318.465
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	73.341	223.318
Orkugjafar ....	14.915.841	18.380.863
Matvæli ....	2.527.210	3.029.422
Almennar rekstrarvörur ....	11.453.582	10.568.961
Vörukaup, almenn	38.124.806	37.886.511
Ýmsar sérgreindar vörur ....	41.227.948	52.462.809
Vörukaup, sérgreind	41.227.948	52.462.809
Fundir, námskeið, risna ....	725.457	1.018.711
Ferðir, uppihald ....	1.859.145	7.565.771
Akstur ....	304.707	842.331
Sérfræðiþjónusta ....	94.794.893	130.721.045
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	1.879.241	3.554.701
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	35.991.596	60.020.200
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	16.927.778	8.704.924
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	152.482.817	212.427.683
Afnotagjöld ....	13.390.651	12.086.346
Leigugjöld ....	239.902.564	234.234.254
Notkun véla og flutningatækja ....	2.084.914	1.468.951
Verkkaup ....	14.453.860	16.535.067
Tryggingar, lögboðnar ....	277.755	170.330
Opinber gjöld ....	157.200	248.978
Tilfærslur ....	0	281.000
Tapaðar kröfur ....	0	600.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	270.266.944	265.624.926
Vörukaup I ....	15.741.309	32.293.495
Vörukaup II ....	600.163	0
Birgðabreytingar, fullunnar vörur ....	(972.134)	416.835
Vörur til endursölu og birgðabreyting	15.369.338	32.710.330
Annar rekstrarkostnaður samtals	517.471.853	601.112.259
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	42.847.787	34.418.717
Farartæki og vélar ....	1.117.330	1.209.694
Aðrar eignir ....	77.100	77.100
Sölutap og úreltar eignir ....	8.136.396	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna ....	965.026	0
	53.143.639	35.705.511

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>8 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	9.835.774	0
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2020:		
Stofnverð 1.1.2020 .....		0
Viðbót á árinu .....		10.800.800
		<u>10.800.800</u>
Niðurfært 1.1.2020 .....		0
Niðurfærsla ársins .....		965.026
		<u>965.026</u>
Staða 31.12.2020 .....		<u>9.835.774</u>

## 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	298.038.608	227.608.759
Farartæki og vélar .....	5.881.818	6.999.148
Aðrar eignir .....	530.675	607.775
	<u>304.451.101</u>	<u>235.215.682</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	373.820.404	11.424.690	1.231.000	386.476.094
Viðbætur á árinu .....	121.414.032	0	0	121.414.032
Selt/niðurfært á árinu .....	(9.347.537)	0	0	(9.347.537)
	<u>485.886.899</u>	<u>11.424.690</u>	<u>1.231.000</u>	<u>498.542.589</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	146.211.645	4.425.542	623.225	151.260.412
Selt/niðurfært á árinu .....	(1.211.141)		0	(1.211.141)
Afskrift ársins .....	42.847.787	1.117.330	77.100	44.042.217
	<u>187.848.291</u>	<u>5.542.872</u>	<u>700.325</u>	<u>194.091.488</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>298.038.608</u>	<u>5.881.818</u>	<u>530.675</u>	<u>304.451.101</u>

	31.12.2020	31.12.2019
<b>10 Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	26.437.130	59.713.140
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	(600.000)	(600.000)
	<u>25.837.130</u>	<u>59.113.140</u>

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
--	------------	------------

### 11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	334.125.650	85.201.186
	<u>334.125.650</u>	<u>85.201.186</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	6.287.540	2.500.092
	<u>6.287.540</u>	<u>2.500.092</u>

### 12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	955.963	2.621.010
Skattar .....	10.908.558	5.360.133
	<u>11.864.521</u>	<u>7.981.143</u>

### 13 Handbært fé

Sjóðir .....	619.459	372.665
Tékkareikningar .....	8.430.911	110.557.862
Sparisjóðsreikningar .....	193.410	185.060
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	39.510	37.352
	<u>9.283.290</u>	<u>111.152.939</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 4,3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	51.803.933	46.978.706
Afkoma ársins .....	(4.338.362)	4.825.227
Jöfnuður 31.12. ....	<u>47.465.571</u>	<u>51.803.933</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 15 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	64.861.590	54.376.904
Ógreidd laun .....	0	6.280.755
Önnur ógreidd gjöld .....	250.622	0
	<u>65.112.212</u>	<u>60.657.659</u>

## Skýringar

### 16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	314.286.875	235.215.682
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	53.753.580	16.646.732
	<u>368.040.455</u>	<u>251.862.414</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	235.215.682	16.646.732	251.862.414
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	94.000.000	94.000.000
Styrkir til fjárfestinga .....	0	70.000.000	70.000.000
Söluverð eigna .....	0	5.321.680	5.321.680
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	121.414.032	(121.414.032)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	10.800.800	(10.800.800)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(53.143.639)	0	(53.143.639)
	<u>314.286.875</u>	<u>53.753.580</u>	<u>368.040.455</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 50,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 17 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi ótímabundna samninga um húsnæði og rekstrar- og þjónustusamninga til næstu. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 245,9 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 22,8 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.